

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Skútustaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

4. nóvember 1971.

Nr. 216.

G J A L D S K R Á

Hitaveitu Reykjahlíðar, Skútustaðahreppi.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Reykjahlíð og Vogum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð Hitaveitu Reykjahlíðar, staðfestri 4. nóvember 1971.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald kr. 250.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjald kr. 390.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til innheimtumanns eða í Samvinnubankanum á Húsavík. Gjaldddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjaldddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Reykjahliðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

- a. Fyrir hús, sem hafa olíu-, kola- eða rafmagnskynditæki, fyrir 1. október 1971.
Hús allt að 300 m³ að utannáli kr. 13 000.00.
Hús 300—2000 m³ að utannáli kr. 13 000.00 fyrir 300 m³ og kr. 15.00 á hvern rúmmetra þar yfir.
Hús stærri en 2000 m³ að utannáli kr. 38 500.00 fyrir 2000 m³ og kr. 10.00 á hvern rúmmetra þar yfir.
- b. Fyrir önnur hús.
Hús allt að 300 m³ að utannáli kr. 23 000.00.
Hús 300—2000 m³ að utannáli kr. 23 000.00 fyrir 300 m³ og kr. 20.00 á hvern rúmmetra þar yfir.
Hús stærri en 2000 m³ að utannáli kr. 57 000.00 fyrir 2000 m³ og kr. 15.00 á hvern rúmmetra þar yfir.
Stofngjald fyrir hvern aðalrennslisheimil umfram einn á sama inntaki er kr. 3500.00.

7. gr.

Gjöld samkv. 4. og 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingakostnaðar 31. okt. 1971, en breytast, eins og hún gefur tilefni til, þó þannig að miða skal við meðalvísitölu hvers árs.

IV. KAFLI

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Reykjahliðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, auk kr. 250.00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Reykjahliðar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.